

## 7. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 9. júní í félagsaðstöðu Ungmennafélagsins Þróttar í Vogum

**Mætt eru:** Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Ásgeir Sveinsson (ÁS) á fjarfundi, Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

**Forföll:** Gunnar Þór Gestsson (GPÞ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Raket Másdóttir (RM).

*Formaður setti fund kl. 10:06*

*Ungmennafélagið Þróttur færði stjórn að gjöf bókina Út á Brún og önnur mið, Útgerðarsaga Vatnsleysustrandarhrepps til 1930 og einnig 90 ára afmælisrit félagsins. Stjórn þakkar kærlega fyrir gjafirnar.*

### 1. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra

- AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum

### 2. Svæðastöðvar og breytingar á lottóreglugerð

- Hluti svæðastöðva hefur tekið til starfa. Til samræmis við bókanir síðustu tveggja stjórnarfunda, leggur JSI til að breytingar á lottóreglugerð taki gildi 1. júlí nk. Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu. GGS telur að breytingin eigi að taka gildi þegar allar svæðastöðvar hafa hafið störf.

### 3. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 8. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 3. fundargerð úthlutunarnefndar sjóða
- 4. fundargerð úthlutunarnefndar sjóða

### 4. Erindi frá nefndum

- Frá framkvæmdastjórn.

Lögð fram bréf frá byggingarfulltrúa umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, (UTU), um dagsektir í Þrastaskógi í framhaldi af fyrri samskiptum. Ráðleggingar hafa borist frá lögfræðingi UMFÍ. Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að fela framkvæmdastjóra að vinna málið áfram skv. þeim ráðleggingum og ítrustu kröfum.

Stjórn bókar eftirfarandi um málið:

Komi til þess að rekstraraðili tjaldsvæðis í Þrastaskógi sinni ekki kröfum byggingarfulltrúa umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita um að fjarlægja ólögmat mannvirki af landi UMFÍ í Þrastaskógi, felur stjórn framkvæmdastjóra UMFÍ að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að gæta hagsmuna félagsins og takmarka tjón þess vegna hinar ólögmatu háttsemi leigutakans, þ.m.t. að láta fjarlægja mannvirkin og greiða þann kostnað sem af því hlýst. Jafnframt veitir stjórn framkvæmdastjóra fulla heimild til að endurkrefja leigutaka um allan kostnað sem af þessu kann að hljótask fyrir UMFÍ. Stjórn samþykkir tillöguna.

- Frá úthlutunarnefnd sjóða.

Úthlutunarnefnd sjóða vísaði umsókn nr. 59 frá mótshöldurum Landsmóts 50+ til stjórnar. Stjórn vísar umsókninni aftur til nefndarinnar í samræmi við umræður á fundinum.

Nefndin óskaði einnig eftir innleggi stjórnar um ákveðna liði í reglugerð sjóðsins. Stjórn vísar umræðunni til Upplýsingatækninefndar til umsagnar.

## 5. Staða nefndarstarfs og verkefna

Farið yfir stöðu verkefna stjórnar, nefnda og skrifstofu.

- Viðbrögð við bréfi frá IBH, IBR og UMSK, sem tekið var fyrir á síðasta stjórnarfundum. - Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með ÍBR og UMSK, ÍBH afþakkaði fund.

## 6. Fjármál

- EÐE kynnti yfirlit yfir ávöxtun fjármuna UMFÍ.
- Rekstraruppgjör fyrir skólabúðir á Reykjum skólaárið 2023-24 lagt fram til kynningar.

ÁS véc af fundi kl. 12:10

## 7. Stöðumat, endurmat stefna og áherslur í starfi

- Farið yfir stöðu markmiða stefnu UMFÍ.

## 8. Mótahald 2026

Stjórn auglýsir eftir mótshöldurum fyrir Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót 2026. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa, með umsóknarfrest til 1. desember 2024.

## 9. Aðild að UMFÍ

- Íþróttabandalag Reykjanesbæjar, ÍRB, samþykkti að óska eftir aðild að UMFÍ á ársþingi sínu 27.05. 2024. Stjórn UMFÍ hafði áður samþykkt beiðni um aðild, en á henni var fyrirvari um samþykki á ársþingi ÍRB. Stjórn UMFÍ býður ÍRB og aðildarfélög þess velkomin í ungmennafélagshreyfinguna.

MS vék af fundi kl. 12:50

## 10. Skýrsla frá starfshópi um afreksmál

- Skýrslan lögð fram til kynningar. Guðmunda Ólafsdóttir, sem var fulltrúi UMFÍ í starfshópnum, fór yfir helstu niðurstöður. Stjórn þakkar fyrir góða skýrslu.

## 11. Starfsmannamál

- Farið yfir niðurstöður starfsmannakönnunar
- Uppfærður ráðningarsamningur framkvæmdastjóra lagður fram. AIP vék af fundi undir þessum lið.

## 12. Bréf sem borist hafa

- Erindi frá GGS varðandi gagnavörslu og skjalavistun. Stjórn vísar málinu til Upplýsingatækninefndar.
- Frá byggingarfulltrúa umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita um dagsektir. - var tekið fyrir fyrr á fundinum.
- Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, vegna afturköllunar á starfsleyfi tjaldsvæðisins í Þrastaskógi.

## 13. Fundir og ferðir

- 20.04.'24 Haukur Valtýsson á ársþingi UÍA
- 23.04.'24 Aðalfundur UMFN. GGS mætti
- 22.04.'24 Aðalfundur Getspá. JSI, GS, AIP, MS og EPE mættu.
- 27.04.'24 Ársþing UMSS. Tjarnabæ. MS mætti.
- 29.04.'24 Ársþing USÚ. Nýheimar. RH mætti
- 29.04.'24 Heimsókn frá framkvæmdastjóra Special Olympics.
- 07.05.'24 Aðalfundur almannaheilla. AIP og EPE mættu.
- 07.05.'24 Ársþing HSV. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson mætti.
- 15.05.'24 Ársþing HSB.
- 16.05.'24 Ársþing FSÍ. AIP mætti
- 21.05.'24 Ársþing UÍF. Haukur Valtýsson mætti.
- 23.05.'24 Stjórnarfundur getrauna. AIP mætti.
- 29.05.'24 Stjórnarfundur getspár. JSI mætti.
- 06.06.'24 Ársþing HSS.
- 06.-09.06. '24 Landsmót UMFÍ 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd
- 08.06.'24 Vorfundur UMFÍ í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Stjórn þakkar Umf. Þrótti í Vogum fyrir góða aðstöðu og höfðinglegar móttökur.

Farið yfir fundargerð í lok fundar

*Fundi slitið kl. 13:37*

*SÓJ ritaði fundargerð*